# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

73. TÖLUBLAÐ 17. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — MÁNUDAGUR 27. MARS 2017




Annað undankvöld Músíktilrauna fór fram í gær í Hörpu en þau verða alls fjögur talsins. Fjórar sveitir hafa spilað sig inn á úrslitakvöldið sem fram fer 1. apríl en það eru hljómsveitirnar Hewkii, Módest Grúv, Between Mountains og Vasi. Hér sést á sviðinu sveitin Between Mountains en meðlimir hennar koma frá Suðureyri og Þingeyri. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Aðkoma þýska bankans til málamynda

**Rannsóknarnefnd segir aðkomu Hauck & Aufhäuser að kaupum í Búnaðarbanka hafa verið til málamynda og voru viðskiptin fjármögnuð í gegnum aflandsfélag á vegum Kaupþings. Bankinn tók „enga fjárhagslega áhættu“. Engar blekkingar, segir Ólafur Ólafsson.**

**VIÐSKIPTI** Aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbankanum 2003 var „aðeins til málamynda“ og voru kaupin fjármögnuð í gegnum aflandsfélag á vegum Kaupþings sem skömmu síðar sameinaðist Búnaðarbankanum. Þetta kemur fram í gögnum sem rannsóknarnefnd Alþingis hefur aflað sér að því er fram kemur í bréfi nefndarinnar frá 13. mars sem Fréttablaðið hefur undir höndum.

Í bréfinu segir að Hauck & Aufhäuser hafi verið „tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum“. Þannig sýni gögn og upplýsingar rannsóknarnefndarinnar að „dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningnum.“

Þeir sem stóðu að gerð samninganna voru m.a. nokkrir starfsmenn Kaupþings á Íslandi og Kaupþings í Lúxemborg. Í bréfinu segir að ekki verði séð „að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif.“

Samkvæmt gögnum tók bankinn „enga fjárhagslega áhættu“ með þessum viðskiptum. „Fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu þess í stað verið áskilin Welling & Partners Limited.“

Í svarbréfi Ólafs Ólafssonar, fjárfestis og forsvarsmanns S-hópsins, til nefndarinnar er því neitað að „blekkingum [hafi] verið beitt gagnvart ríkinu“. S-hópurinn hafi boðið hæsta verð og að ríkið hafi fengið kaupverðið greitt að fullu. Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, segir að hann „reki ekki minni“ til Welling & Partners Limited sem nefndin telur að Kaupþing hafi útvegað til að standa að samningum vegna viðskiptanna. – hae / sjá síðu 4

## Bótakrafa vegna gangagerðar

**SAMGÖNGUR** Gerð Vaðlaheiðarganga olli því að bæjarlækurinn við Nes í Fnjóskadal þornaði upp og rafstöð sem nýtt var til upphitunar og lýsingar varð óvirk. Eigendurnir krefjast bóta.

„Til að koma til móts við ábúendur buðum við þeim að tengja þá við rafmagn og hitaveitu og að við myndum greiða kostnaðinn við það. Við teljum málinu lokið,“ segir Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga. – sa / sjá síðu 2



Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga hf.

## Biðlisti lengist en fáir í fangelsi

**FANGELSISMÁL** Af 56 plássum í fangelsinu á Hólmsheiði eru aðeins 30 pláss nýtt. Stendur því nær helmingur fangelsisins auður. Biðlisti fanga eftir afplánun hefur lengst frá því nýja fangelsið var byggt og tekið í notkun.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir það langtímaverkefni að vinda ofan af boðunarlistanum sem hefur myndast síðasta áratug.

Páll kveðst þess fullviss að fangelsið á Hólmsheiði muni hafa jákvæð áhrif í þeim efnum til lengri tíma.

„Pláss er fyrir 56 fanga í fangelsinu miðað við 100 prósent nýtingu. Nýting umfram 90 prósent er hins vegar ekki raunhæf,“ segir fangelsismálastjórinn.
– sa / sjá síðu 6

## Fréttablaðið í dag


**SKOÐUN** Guðmundur Andri Thorsson vill að við notum íslenskuna af örlæti en ekki sem valdatæki. 13

**SPORT** Sunna Tsunami vann sinn annan atvinnumannabardaga og mamman fór á taugum. 16

**LÍFIÐ** Tónlistin hefur hjálpað söngkonunni Karitas Hörpu í gegnum erfiða tíma. 30




PLÚS 2 SÉRBLÖÐ ● FÓLK ● FASTEIGNIR

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015







## Veður




Í dag lítur út fyrir hæga vinda og bjartviðri, jafnvel sólskin hér og þar. Milt að deginum. SJÁ SÍÐU 22

# Íbúar sex húsa losna ekki við ólykt á Akranesi

**AKRANES** Úrskurðarnefnd um umhverfis- og auðlindamál hefur vísað frá kröfu íbúa sex húsa á Akranesi þess efnis að starfsleyfi fiskþurrkunar HB Granda í bænum verði fellt úr gildi.

HB Grandi sótti um endurnýjun á starfsleyfi í mars í fyrra og veitti Heilbrigðiseftirlit Vesturlands slíkt leyfi til bráðabirgða. Núgildandi leyfi rennur út 1. maí.

Íbúarnir kvörtuðu meðal annars yfir mikilli lyktarmengun sem legði frá verksmiðjunni. Þá var einnig sett út á það að verksmiðjan notaði óson til að draga úr lykt.

Að mati nefndarinnar var meðalhófs gætt við ákvörðun Heilbrigðiseftirlitsins, notkun ósons væri innan leyfilegra marka og þá væri starfsleyfinu markaður fyrirfram ákveðinn tími. Því var því hafnað að fella leyfið úr gildi. **– jóe**

# Meistari meistaranna



Í gær kepptu fremstu pílukastarar landsins á mótinu Meistarar meistaranna. Sex konur og ellefu karlar mættu til leiks. Í kvennaflokki var það Sigríður Guðrún Jónsdóttir, Pílufélagi Reykjanesbæjar, sem bar sigur úr býtum og sést hér kasta. Sigríður hafði betur gegn Maríu Steinunni Jóhannesdóttur, Pílukastfélagi Reykjavíkur, í úrslitum. Úrslit í karlaflokki lágu ekki fyrir þegar Fréttablaðið fór í prent. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



Brúðirnar hlupu fjóra kílómetra í von um stóra vinninginn. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Kapphlaup um milljónir

**TAÍLAND Um 250 verðandi brúðhjón komu saman í almenningsgarði í Bangkok, höfuðborg Taílands, um helgina til að taka þátt í árlegu brúðarhlaupi.**

**Til mikils var að vinna því sigurvegararnir hlutu pakka að verðmæti þrjár milljónir íslenskra króna. Í pakkanum var meðal annars klæðnaður fyrir hjónin á stóra deginum, hljómsveitir fyrir brúðkaupið, brúðkaupsferð til Phuket-eyjar auk lystireisu til Maldíveyja. – jóe**

TOURIST GUIDE

FÉLAG LEIÐSÖGUMANNA

AÐALFUNDUR

**Aðalfundur Félags leiðsögumanna verður haldinn 29. mars í sal Rúgbrauðsgerðarinnar að Borgartún 6, 101 Reykjavík. kl. 20:00**

**Dagskrá:**

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Skýrsla félagsstjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
3. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram til afgreiðslu.
4. Tillögur um lagabreytingar ef fyrir liggja.
5. Drög að fjárhagsáætlun skal lögð fram og tillaga um stéttarfélagsgjald og fagfélagsgjald.
6. Kosning formanns eða lýsing formannskjörs.
7. Kosning til stjórnar og trúnaðarráðs, sem og í aðrar nefndir (ritnefnd, skólanefnd, fræðslunefnd og kjaranefnd) og trúnaðarstöður.
8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna reikninga til tveggja ára.
9. Önnur mál.

*Stjórnin*

# Telja göngin eyðileggja raforkuframleiðslu sína

## Ábúendur í Nesi þurfa nú að greiða um sex hundruð þúsund krónur á ári í rafmagn og hita vegna vatnsskorts af völdum gerðar Vaðlaheiðarganga. Bæjarlækurinn þornaði upp. Vatn úr Vaðlaheiðinni leitar inn í göngin í staðinn.

**SAMGÖNGUMÁL** Gerð Vaðlaheiðarganga olli því að bæjarlækurinn við Nes í Fnjóskadal þornaði upp með þeim afleiðingum að rafstöð sem ábúendur jarðarinnar nýttu til upphitunar og lýsingar varð óvirk. Vaðlaheiðargöng buðust til að borga tenginu við rafmagn og hitaveitu.

Bærinn Nes stendur rétt norðan við gangamunna Vaðlaheiðarganga Fnjóskadalsmegin. Bæjarlækurinn kemur úr Vaðlaheiðinni og hefur séð bænum fyrir nægu vatni til framleiðslu á rafmagni til bæði kyndingar og lýsingar. Bærinn var því ekki tengdur við hitaveitu eða rafmagn og því ærið verkefni að koma því í rétt horf eftir að rennslið minnkaði.

„Þann 23. október 2015 minnkaði rennslið í ánni sem kemur úr Vaðlaheiðinni svo mikið að ekki var hægt að framleiða rafmagn til húshitunar,“ segir Sigurlína Hrönn Halldórsdóttir, bóndi í Nesi.

„Eftir að vatn fór að flæða inn í göngin Fnjóskadalsmegin hætti nærri rennslið hjá okkur. Þetta var nokkuð högg fyrir okkur og við stóðum í viðræðum við Vaðlaheiðargöng í rúmt ár til að fá lausn á málinu.“

Valgeir Bergmann segir það rétt að á einhverjum tímapunkti í greftrinum hafi vatn í læknum snarminnkað. Hins vegar töldu Vaðlaheiðargöng sig ekki bera skaðabótaskyldu vegna breytinga á vatnsflæði úr Vaðlaheiðinni.

„Til að koma til móts við ábúendur buðum við þeim að tengja þá við rafmagn og hitaveitu og að við myndum greiða kostnaðinn við það. Sú varð niðurstaðan og við teljum málinu lokið,“ segir Valgeir. „Í því felst ekki einhvers konar samþykki fyrir því að vinna okkar hafi valdið þessu.“



Vaðlaheiðargöng eru talin drena hluta Vaðlaheiðar. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN

> **Til að koma til móts við ábúendur buðum við þeim að tengja þá við rafmagn og hitaveitu og við myndum greiða kostnaðinn við það. Sú varð niðurstaðan og við teljum málinu lokið.**



Valgeir Bergmann, framkvæmdastjóri Vaðlaheiðarganga

Sigurlína segist ekki par sátt.

„Þetta er niðurstaðan en ég er ekkert endilega sátt við hana. Það er dýrt að vera með lögfræðinga í vinnu og því ákváðum við að sættast á þessa stöðu. Í stað þess að vera sjálfum okkur nóg þurfum við að kaupa rafmagn og heitt vatn á um 50 þúsund krónur á mánuði,“ segir Sigurlína.

„Það er ágætis upphæð og kostnaður sem við þurftum ekki að reiða af hendi áður.“ **sveinn@frettabladid.is**




# #HÆFASTUR

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursеiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi, 8" skjá, Bluetooth, raddstýringu, bakkmyndavél og fimm stjörnu öryggi svo fátt eitt sé nefnt. Ford Kuga er einstaklega hæfur til að koma þér og þínum hvert á land sem er við hvaða aðstæður sem er.

FORD KUGA AWD SJÁLFSKIPTUR FRÁ:

**5.690.000** KR.

Ford

***Ford er frábær!***
***Komdu, reynsluaktu og upplifðu Ford Kuga***

ford.is

brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

# Aðkoma Hauck & Aufhäuser aðeins til málamynda við kaup á Búnaðarbanka

**Þátttaka þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum á 45,8% hlut ríkisins í Búnaðarbanka var „aðeins til málamynda“. Kaupin voru fjármögnuð í gegnum aflandsfélag á vegum Kaupþings. Þetta sýna gögn rannsóknarnefndar sem birtir skýrslu sína síðar í þessari viku. Sigurður Einarsson, fyrrverandi forstjóri Kaupþings, segir sig ekki „rekja minni“ til aflandsfélagsins.**

Hörður Ægisson
hordur@frettabladid.is



**VIÐSKIPTI** Aðkoma þýska bankans Hauck & Aufhäuser að kaupum á 45,8 prósenta eignarhlut ríkisins í Búnaðarbanka Íslands í ársbyrjun 2003 var í „reynd aðeins að nafni til“ að mati sérstakrar rannsóknarnefndar Alþingis og voru kaupin fjármögnuð í gegnum aflandsfélag á vegum Kaupþings. Samkvæmt gögnum sem nefndin hefur aflað sér verði ekki annað séð en „að fjárfesting Hauck & Aufhäuser í gegnum Eglu hf. í, og síðar með sama hætti eignarhald á, hlutum í Búnaðarbankanum hafi [...] aðeins verið til málamynda og tímabundið“, auk þess sem þýska bankanum hafi verið „tryggt skaðleysi af þátttöku sinni í þessum viðskiptum“.

Þetta kemur fram í bréfi rannsóknarnefndarinnar frá því 13. mars síðastliðinn sem Fréttablaðið hefur undir höndum. Í bréfinu segir að gögn og upplýsingar nefndarinnar „sýna að dagana áður en skrifað var undir kaupsamning Eglu hf. og annarra lögaðila (það er hins svonefnda S-hóps) um kaup á hlut íslenska ríkisins í Búnaðarbankanum hf. 16. janúar 2003, stóð hópur manna að gerð tveggja samninga varðandi hluti Hauck & Aufhäuser í Eglu hf. á milli annars vegar Hauck & Aufhäuser og hins vegar aflandsfélagsins Welling & Partners Limited, skráðu á Bresku-Jómfrúareyjum, sem Kaupþing hf. útvegaði til að standa að samningnum.“

Þar var um að ræða svonefndan söluréttarsamning en hinn samningurinn varðaði veð- og tryggingaráðstafanir. Þeir sem stóðu að gerð þessara samninga, að því er kemur fram í bréfi nefndarinnar, voru meðal annars „nokkrir starfsmenn“ Kaupþings á Íslandi og dótturfélags þess í Lúxemborg og auk þess starfsmenn Hauck & Aufhäuser, einkum þá Martin Zeil, þáverandi forstöðumaður lögfræðideildar bankans.

Í bréfinu segir að ekki verði séð „að íslenska ríkið eða aðrar stofnanir þess hafi á nokkru stigi verið upplýst um gerð þessara samninga, efni þeirra og áhrif, sem og atvik varðandi síðari framkvæmd þeirra.“ Kaupþing sameinaðist



Tilkynnt var um sölu á 45,8 prósenta hlut ríkisins í Búnaðarbanka til Eglu ehf. í janúar 2003. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Búnaðarbanka þremur mánuðum eftir söluna á hlut ríkisins. Rúmum tveimur árum eftir að þýski bankinn eignaðist hlut í Búnaðarbankanum í gegnum félagið Eglu var hann búinn að selja allan hlutinn til annarra hluthafa innan S-hópsins en á meðal þeirra sem leiddu þann hóp var Ólafur Ólafsson fjárfestir.

Alþingi samþykkti í júní í fyrra þingsályktunartillögu um að aðkoma Hauck & Aufhäuser að kaupum S-hópsins á 45,8 prósenta hlut ríkisins fyrir um 11,9 milljarða yrði rannsökuð af sérstakri rannsóknarnefnd sem hefði víðtækar heimildir til að kalla eftir upplýsingum. Sá sem fer með rannsóknina er Kjartan Bjarni Björgvinsson héraðsdómari en gert er ráð fyrir að skýrsla nefndarinnar verði birt opinberlega á miðvikudaginn.

Fram kemur í bréfi rannsóknarnefndarinnar, sem var sent á ýmsa einstaklinga sem höfðu aðkomu að kaupunum og þar sem óskað var eftir frekari skýringum þeirra rétt áður en vinnu við skýrsluna lyki, að samkvæmt gögnum nefndarinnar hafi þýski bankinn „enga fjárhagslega áhættu tekið“ með þessum viðskiptum. „Fjárhagslegir hagsmunir bankans af þeim hafi takmarkast við þóknun sem samið var um samkvæmt samningunum en öll hagnaðarvon af umræddum hlutum í Eglu hf. þess í stað verið áskilin gagnaðila bankans að samningunum, það er fyrrgreindu aflandsfélagi, Welling & Partners Limited.“

Þá bendir rannsóknarnefndin á að hún hafi einnig undir höndum gögn sem varpi ljósi á framkvæmd samninganna um sölurétt og veð- og tryggingaráðstafanir og ráðstafanir sem þeim tengdust, meðal annars af hálfu starfsmanna Kaupþings á Íslandi og Kaupþings í Lúxemborg. „Má þar einkum nefna viðskipti milli Hauck & Aufhäuser og Welling & Partners Limited með umrædda hluti í Eglu hf. sem fóru fram á grundvelli ákvæða samninganna á næstu misserum eftir gerð þeirra og fjárhagslegt uppgjör sem átti sér stað á hagnaði aflandsfélagsins vegna þeirra viðskipta,“ segir í bréfinu.

Í svarbréfi Ólafs Ólafssonar til nefndarinnar, sem Fréttablaðið hefur einnig undir höndum, er fullyrt að „engum blekkingum [hafi] verið beitt gagnvart ríkinu“ þegar hluturinn í Búnaðarbanka var keyptur. S-hópurinn hafi boðið hæsta verð fyrir hlutinn og ríkið hafi fengið kaupverðið greitt að fullu.

## Segist ekki hafa notið ávinnings af viðskiptunum

Sigurður Einarsson, fyrrverandi stjórnarformaður Kaupþings, segir í svarbréfi sínu til rannsóknarnefndarinnar 20. mars að hann „reki ekki minni“ til aflandsfélagsins Welling & Partners Limited sem nefndin telur að Kaupþing hafi útvegað til að standa að samningum sem gerðir hafi verið vegna viðskiptanna.

Hann bendir á að viðskiptin hafi átt sér stað fyrir meira en 14 árum og að rannsóknarnefndin hafi ekki lagt fram nein gögn þegar hann mætti til skýrslugjafar sem gátu skýrt hverju hún væri að leita að. „Ég hef því ekki átt kost á því að staðreyna hvort lýsing málsatvika í bréfi þínu sé rétt.“

Þá segir Sigurður að um starfsemi bankans hafi gilt bankaleynd og að Kaupþing hafi verið umsvifamikill aðili í bæði lána- og afleiðuviðskiptum.

„Ég get fullyrt við þig að ég naut ekki ávinnings af þeim viðskiptum sem lýst er í bréfi þínu. Þá get ég upplýst þig um að ég veit ekki annað en að hinn þýski banki Hauck & Aufhäuser hafi verið hluthafi í Búnaðarbankanum og síðar í sameinuðum banka Kaupþings Búnaðarbanka hf. í gegnum eignarhald í félaginu Eglu hf. Fulltrúi bankans var eftir sameiningu bankanna kjörinn í bankaráð Kaupþings Búnaðarbanka og sinnti skyldum sínum vel í stjórn bankans.“

Þá gagnrýnir Sigurður í bréfinu þá fyrirætlan að skila skýrslu á grundvelli þessara gagna „án þess að hafa einu sinni kynnt þau eða borið undir mig“ og segir að það veki hjá honum „ótta um að rannsóknin sé hrein sýndarmennska og væntanlegar niðurstöður í skýrslu þinni verið fyrirfram ákveðnar.“



Sigurður Einarsson




VIÐURKENNT ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN

Ís-Band er umboðsaðili Fiat Chrysler Automobiles (FCA) á Íslandi.

Tæknimenn okkar eru með áratuga reynslu af viðgerðum á flestum gerðum bifreiða og hafa hlotið sérþjálfun frá FCA.

Mikil lofthæð gerir okkur kleift að sinna viðgerðum á húsbílum, atvinnubílum og stórum pallbílum.

Við tökum vel á móti þér.
Tímapantanir í síma 534 4433.

CHRYSLER DODGE FIAT FIAT PROFESSIONAL Jeep RAM MOPAR

ÍSBAND ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF. BÍLAUMBOÐ

Íslensk-Bandaríska ehf - Verkstæði og varahlutaverslun - Smiðshöfða 5 - 110 Reykjavík - Sími 534 4433
thjonusta@isband.is - www.isband.is - OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00




SUBARU
Confidence in Motion




*Miðað við uppgefnar tölur framleiðanda um eldsneytisnotkun í blönduðum akstri.

ENNEMM / SÍA / NM80650

## SUBARU ER EINN ÖRUGGASTI BÍLL SEM ÞÚ GETUR KEYPT

**Rekstraröryggi** og gott endursöluverð er það sem allir þekkja og kemur fyrst upp í hugann. Lágur þyngdarpunktur, þverliggjandi BOXER vél og sítengt fjórhjóladrif með tölvustýrði stöðugleikastýringu er lykillinn að akstursöryggi. Allir Subaru eru með 5 stjörnur í árekstrarprófunum EuroNCAP.

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

## Segir ráðherra geta haft áhrif á fylgið hjá BF

**STJÓRNMÁL** Sitt sýnist hverjum innan stjórnar Bjartrar framtíðar um samstarf flokksins við Viðreisn og Sjálfstæðisflokkinn. Fylgi flokksins mælist ríflega þrjú prósent og aðeins rúmur helmingur stuðningsmanna styður ríkisstjórnarsamstarfið.

Eva Einarsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar flokksins, segir erfið mál á borði ráðherra flokksins. Ummæli annarra ráðherra hafi áhrif.

„Ég þekki það úr eigin vinnu í borgarstjórn að launamunur kynjanna er til staðar. Því hafa ummæli dómsmálaráðherra um meintan launamun kynjanna haft áhrif á hvernig kjósendahópur okkar horfir til okkar.“

Ekki var einhugur í stjórn BF er ríkisstjórn var mynduð og hefur óánægjan síst minnkað. Eva segir það rétt að málin hafi verið rædd en menn standi enn við bakið á sínu fólki.

„Samtalið við grasrótina er mjög gott og við erum sannfærð um að við eigum meira inni. Nú þurfum við að halda rétt á spilunum fram undan og þá eykst fylgið,“ segir Eva. **– sa**



**Eva Einarsdóttir, formaður framkvæmdastjórnar Bjartrar framtíðar.**

## Slógust vegna Obamacare



Stuðningsmenn Donalds Trump Bandaríkjaforseta komu saman víða um landið til að sýna forsetanum stuðning. Fyrsta stóra frumvarp hans, um niðurrif Obamacare, hlaut ekki brautargengi meðal flokkssystkina hans og var dregið til baka úr þinginu. Nokkrir andstæðingar forsetans mættu á stuðningsfundina til að láta skoðun sína í ljós. Sums staðar, líkt og sést á þessari mynd frá Kaliforníu, létu andstæðar fylkingar hnefana tala. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Fangelsið hálftómt en biðlistinn lengist

**Þrjátíu fangar sitja nú í Fangelsinu á Hólmsheiði en pláss er þar fyrir 56. Á sama tíma lengist biðlisti fanga eftir afplánun. Loka þarf einni álmu á Litla-Hrauni í sumar vegna viðhalds og flytja fanga annað. Ekki er ráðlegt að fylla fangelsið strax, segir fangelsismálastjóri.**

**FANGELSISMÁL** Af 56 plássum í fangelsinu á Hólmsheiði eru aðeins 30 pláss nýtt. Stendur því nær helmingur fangelsisins auður. Biðlisti fanga eftir afplánun hefur lengst frá því nýtt húsnæði á Hólmsheiði var tekið í notkun. Bygging fangelsisins kostaði tæpir þrjá milljarða króna.

Páll Winkel fangelsismálastjóri segir það langtímaverkefni að vinda ofan af boðunarlistanum sem hefur myndast síðasta áratug. Hann sé þess fullviss að fangelsið á Hólmsheiði muni hafa jákvæð áhrif í þeim efnum.

„Pláss er fyrir 56 fanga í fangelsinu miðað við 100 prósent nýtingu. Nýting umfram 90 prósent er hins vegar ekki raunhæf,“ segir Páll.

Hins vegar sé nýtingin um 53 prósent núna. „Um er að ræða fangelsi sem gegnir þrískiptu hlutverki; móttökufangelsi, langtímavistunarfangelsi fyrir konur og gæsluvarðhaldseinangrunarfangelsi,“ segir Páll.

Fangelsið hefur verið tekið í notkun sem langtímavistunarfangelsi fyrir konur auk þess að gegna hlutverki móttökufangelsis. Gæsluvarðhaldshlutverk fangelsisins hefur enn ekki verið virkjað og vistast einangrunarfangar á Litla-Hrauni.

Biðlisti fanga eftir afplánun hefur verið gríðarlega langur síðustu ár og hafa fangar þurft að bíða lengi eftir að afplána dóma sína. Um 450 einstaklingar hafa verið á biðlista síðustu ár eftir afplánun en þessi biðlisti var tómur árið 2007.

Ekki verður hægt að fullnýta fangelsið á Hólmsheiði fyrr en í fyrsta lagi í lok árs þegar viðgerðum á Litla-Hrauni lýkur.

„Gæsluvarðhaldseinangrun hefur ekki verið tekin í notkun en auk þess er mikilvægt að taka nýtt fangelsi í notkun á þeim hraða sem allir ráða við,“ segir Páll. Því sé ekki ráðlegt að fylla fangelsið strax á fyrstu dögum rekstrar.

„Þá þurfum við að eiga laus pláss fyrir sumarið þar sem loka þarf einu fangahúsi á Litla-Hrauni í allt sumar vegna viðhalds. Í því búa 22 fangar og þarf að finna þeim aðrar vistarverur yfir sumarmánuðina.“

sveinn@frettabladid.is

**30** fangar eru í fangelsinu núna.

**56** pláss eru á Hólmsheiði.



**Fangelsið á Hólmsheiði er fyrsta byggingin sem Íslendingar reisa gagngert sem fangelsi á lýðveldistímanum.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA







VERIÐ VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR Á NÝJUM BMW X1

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L



Auðjöfurinn Juha Sipila er forsætisráðherra Finnlands. Stjórn hans ætlar að ráðast í breytingarnar. NORDICPHOTOS/GETTY

# Stefnt að einkarekstri í heilbrigðiskerfi Finna

**Vonast er til þess að einkarekstur í heilbrigðisgeiranum muni minnka útgjöld finnska ríkisins til málaflokksins um tæplega fjörutíu prósent fyrir árið 2030. Taka á mið af reynslu Svía. Deilt er um hvort breytingarnar séu til góðs eða ills.**

**FINNLAND** Undanfarnar vikur hafa finnskir þingmenn rætt hvort rétt sé að opna á einkarekstur í heilbrigðiskerfi landsins eður ei.

Meðalaldur finnsku þjóðarinnar fer hækkandi og samhliða hækkar kostnaður sem hlýst af heilbrigðiskerfinu. Sem stendur er hann um átta milljarðar evra, andvirði tæplega 960 milljarða íslenskra króna á gengi dagsins í dag.

Breytingarnar miða að því að einkaaðilar bjóði upp á heilsugæsluþjónustu og umönnun á dvalarheimilum fyrir árið 2019. Vonast stjórnvöld til þess að skera útgjöld til heilbrigðiskerfisins niður um þrjá milljarða evra fyrir árið 2030.

Endurbætur á heilbrigðiskerfinu hafa lengi staðið til og verið lofað af fyrri ríkisstjórnum. Ríkisstjórn Miðflokksins, Sannra Finna og Þjóðarbandalagsins stefnir hins vegar að því að grípa til aðgerða.

Forsætisráðherra landsins, Juha Sipila úr Miðflokknum, segir að breytingarnar séu nauðsynlegar til að koma á útgjaldaþaki og til að nútímavæða og bæta þjónustu fyrir íbúa landsins. Einkafyrirtæki hafa hafist handa við undirbúning verði tillögur ríkisstjórnarinnar að lögum.

„Hvatar einkaaðila eru aðrir en ríkisins. Ef þjónusta þín er óskilvirk þá muntu fara á hausinn,“ segir Janne-Olli Jarvenpaa, forstjóri Mehilaien næststærstu einkareknu heilsugæslustöðva Finnlands, við Bloomberg.

„Samanborið við opinbera geirann bjóðum við upp á fljótlegri meðferðir, vísum færri sjúklingum til sérfræðinga eða á sjúkrahús og viðskiptavinir okkar eru ánægðari.“

Breytingatillögur Finna taka að miklu leyti mið af breytingum nágranna þeirra í vestri.

Svíar opnuðu á sambærilegan einkarekstur árið 2010. Áfangaskýrsla sænska heilbrigðisráðuneytisins um innleiðingu stefnunnar kom út í nóvember í fyrra en meðal niðurstaðna hennar er að einkafyrirtæki hafi skilað góðum hagnaði.

Allir stjórnmálaflokkar Finnlands eru sammála um að endurskipuleggja þurfi heilbrigðiskerfið.

Að mati stjórnarandstöðunnar er hins vegar fjölda galla að finna á frumvarpinu. Sósíaldemókratinn Tuula Haatainen segir til að mynda að það muni leiða til þess að ríkið missi stjórn á kerfinu, þjónusta muni versna, verð hækka og ólíklegt sé að nokkur sparnaður náist.

Þá hafa sérfræðingar bent á að fyrirtæki muni reyna að hámarka gróða með því að ýmist bjóða of mikla eða of litla þjónustu. Bent hefur verið á að slík vandamál megi forðast með því að regluvæða verðskrár og meina fyrirtækjum að velja sér skjólstæðinga. **johannoli@frettabladid.is**


Vetrarþjónusta
mokstur, salt & sandur

Það þarf líka að huga að garðinum á veturna og erum við hjá Garðlist ávallt til þjónustu reiðubúin. Við leggjum áherslu á að svara öllum fyrirspurnum og pöntunum samdægurs og höfum samband eftir að fagmenn okkar hafa lokið verki til að tryggja að allt sé eins og það á að vera. **Söltun, söndun og snjómokstur á bílastæðum, gangstéttum ofl.**

gardlist.is
554 1989
gardlist@gardlist.is
Tunguhálsi 7, 110 Reykjavík

GARÐLIST
ALHLIÐA GARÐÞJÓNUSTA






BRYGGJAN BRUGGHÚS * GRANDAGARÐI 8 101 REYKJAVÍK
456 4040 * WWW.BRYGGJANBRUGGHUS.IS

**Kvika gefur út sex mánaða víxla**

**Reykjavík, 27. mars 2017**

Kvika banki hf. hefur gefið út sex mánaða víxla að fjárhæð 2.000 milljónir króna. Um er að ræða útgáfu í víxlaflokknum KVB 17 0622 og er heildarheimild flokksins 2.000 m.kr. Fjármálaeftirlitið staðfesti lýsingu vegna umsóknar um töku víxlanna til viðskipta í gær, þann 15. desember 2016, og sótt hefur verið um töku víxlanna til viðskipta í Kauphöll Íslands.

Útprentuð eintök lýsingarinnar má nálgast í 12 mánuði frá staðfestingu hennar í höfuðstöðvum Kviku, Borgartúni 25, 105 Reykjavík. Rafræn eintök má nálgast á vefsíðu Kviku *www.kvika.is/um_kviku/#tab2.*

KVIKA
kvika.is

**Aðalfundur**

Aðalfundur VR verður haldinn **þriðjudaginn 28. mars kl. 19.30** á Hilton Reykjavík Nordica.

Á dagskrá eru hefðbundin aðalfundarstörf, lagabreytingar og ákvörðun um innborgun í VR varasjóð.

Dagskrá og frekari upplýsingar er að finna á **vr.is**.

**Við hvetjum félagsmenn til að mæta.**





VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | SÍMI 510 1700 | WWW.VR.IS

Virðing
Réttlæti
VR




# Ávísun á gleði

Gríptu tækifærið og nýttu þér 200 þúsund króna afslátt af VW Golf og VW Golf Variant. Ef þú hefur ekki þegar fengið ávísunina í pósti áttu eina hjá okkur í HEKLU. Komdu fagnandi og leystu út þína ávísun – þú átt það inni. Hlökkum til að sjá þig!

Volkswagen

www.volkswagen.is

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ

## Gjaldskylda við Domus Medica

**SAMFÉLAG** Hluti bílastæða á lóð Domus Medica verður gjaldskyldur sem og almenn bílastæði við Hólavallagötu og Hávallagötu milli Garðastrætis og Blómvallagötu.

Samþykki Sigríður Björk Guðjónsdóttir lögreglustjóri tillögur Bílastæðasjóðs verða stæðin gjaldskyld fljótlega.

Stöðumælasekt er nú 2.500 krónur en stöðubrotsgjald er 10.000 krónur. – **bb**

Umboðsmaður skuldara

OPIÐ ALLA VIRKA DAGA KL. 9.00 - 15.00

Símatími ráðgjafa er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13.00 - 14.00

SÍMI 512 6600
GRÆNT NÚMER 800 6600
KRINGLAN 1 103 REYKJAVÍK

ums.is

# Þriðji hver jarðarbúi er fátækur

**Mikill árangur hefur náðst síðasta aldarfjórðunginn en stórir hópar jarðarbúa njóta þó framfaranna ekki til fulls. Þriðjungur fólks býr við erfiðleika, að því er kemur fram í nýrri Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna.**



Krakkar á Gasasvæðinu eru meðal þeirra jarðarbúa sem hafa ekki notið framfara síðustu áratuga. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

**ÞRÓUNARMÁL** Þriðji hver íbúi jarðarinnar býr enn við erfið lífsskilyrði þrátt fyrir að miklar framfarir hafi orðið síðustu 26 árin.

Þetta kemur fram í nýrri Þróunarskýrslu Sameinuðu þjóðanna, sem gefin er út árlega.

„Mannkynið hefur náð miklum árangri við að vinna bug á örbirgð, bæta aðgang fólks að menntun, heilbrigðisþjónustu og hreinlæti og við að gefa konum og stúlkum fleiri möguleika,“ sagði Helen Clark, fyrrverandi forsætisráðherra Nýja-Sjálands og núverandi yfirmaður Þróunarskrifstofu Sameinuðu þjóðanna, þegar skýrslan var kynnt í Svíþjóð.

„En þessi árangur,“ bætti hún við, „er aðeins forleikurinn að næstu verkefnum, sem gætu orðið enn erfiðari, og snúast um að tryggja það að alþjóðlegar framfarir nái til allra.“

Í skýrslunni er sértök athygli vakin á því að ákveðnir hópar fólks eiga erfiðara en aðrir með að bæta hag sinn og njóta þeirra framfara sem þó hafa orðið.

Almennt séð eru konur til dæmis fátækari en karlar. Þær hafa lægri tekjur og færri tækifæri á flestum sviðum lífsins. Í hundrað löndum er þeim bannað að stunda ákveðin störf og í átján löndum þurfa konur samþykki eiginmanns síns til að stunda vinnu utan heimilisins. Þá eiga íbúar í dreifbýli oft erfiðara með að njóta framfaranna en borgarbúar. Börn utan þéttbýlis eru til dæmis líklegri til að ná minni árangri í skóla.

Flóttafólk á oft erfitt með að fá vinnu, komast í skóla og taka þátt í stjórnmálum. Sama gildir um fólk sem flytur á milli landa.

Þá verða þjóðernisminnihlutahópar oft fyrir fordómum og mismunun í samfélaginu og sama á við um samkynhneigt fólk og aðra hópa sem ekki eru gagnkynhneigðir. Helen Clark sagði mikilvægt að útrýma þeirri djúpstæðu mismunun sem býr í hefðum og reglum samfélagsins og breyta því hve miserfitt fólk á með að taka þátt í stjórnmálum.

**gudsteinn@frettabladid.is**

### Bestu og verstu lífsskilyrðin

**Efstu löndin á lífskjaralista SÞ**
1. Noregur
2. Ástralía
3. Sviss
4. Þýskaland
5. Danmörk
5. Singapúr

**Neðstu löndin á lífskjaralista SÞ**
1. Búrúndí
2. Búrkína Fasó
3. Tsjad
4. Níger
5. Mið-Afríkulýðveldið






TAKTU ÖRYGGIÐ MEÐ Í MYNDINA

Öryggismiðstöðin hefur um árabil sérhæft sig í eftirlitsmyndavélum og myndavélakerfum og býður upp á fjölbreytt úrval lausna sem henta heimilum, stórum og smáum fyrirtækjum sem og stofnunum þar sem umfangsmikilla lausna er krafist. **Öflug kerfi á frábæru verði.**

Dæmi um eftirlitsmyndavélapakka með 4 myndavélum

Myndavélar sem hægt er að nota inni eða úti. Frábær myndgæði (4 Mpix). Innrautt ljós með allt að 20 metra drægni. Öflug og notendendavæn upptökutölva. Hægt að skoða lifandi myndir og upptökur í gegnum app í snjallsíma.

Verð 128.340 m. vsk.

**Hafðu samband og fáðu ókeypis ráðgjöf hjá sérfræðingum okkar.**

Hægt er að sníða kerfin algerlega eftir þörfum notenda og því bjóðum við allt frá einföldum kerfum upp í stór kerfi með hreyfanlegum vélum og mikilli sjálfvirkni.

EFTIRLITSMYNDAVÉLAR

**Nánar á oryggi.is**
Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400
Njarðarnesi 1 | Akureyri | Sími 470 2400



Í Mývatnssveit eru frárennslismál ekki í samræmi við lög. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Enginn þriggja ráðherra tók af skarið við Mývatn

**UMHVERFISMÁL** „Mikill tími og orka hefur farið í ýmsa fundi með ráðamönnum þjóðarinnar til að fá ríkið að borðinu í fráveitumálum en án sýnilegs árangurs,“ skrifar Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps, í nýjasta fréttabréfi sveitarfélagsins.

„Hver einasti aðili sem ég og aðrir fulltrúar sveitarstjórnar höfum rætt við undanfarnar vikur hefur sýnt frárennslismálunum skilning en það sorglega í þessu er að enginn af þeim þremur ráðherrum sem hafa völdin í hendi sér, það er umhverfis- og auðlindaráðherra, fjármálaráðherra og ráðherra sveitarstjórnarmála, hefur tekið af skarið,“ heldur Þorsteinn áfram.

Eins og komið hefur fram í fréttum síðasta árið eru frárennslismál sveitarfélagsins ekki í samræmi við lög og reglur, og er talið að mengun frá byggð eigi sinn þátt í ýmsum vandamálum sem steðja að lífríki Mývatns.

Sveitarfélagið ræður hins vegar ekki við að bæta frárennslismál sín sjálft, enda munu þær umbætur kosta um 400 milljónir króna, að talið er. Ráðamenn í Skútustaðahreppi hafa því lengi leitað eftir aðstoð ríkisins og þrýstingur á aðgerðir aukist eftir umfjöllun um málið að undanförnu.

„Flestir þingmenn kjördæmisins hafa tekið mjög vel í málaleitan okkar og lagt sitt lóð á vogarskálarnar en það er ráðherranna að klára málið,“ skrifar Þorsteinn sem kveður nú enn hert að sveitarfélaginu og rekstraraðilum með bréfum sem bárust heilbrigðiseftirlitinu.

> **Flestir þingmenn kjördæmisins hafa tekið mjög vel í málaleitan okkar og lagt sitt lóð á vogarskálarnar en það er ráðherranna að klára málið.**
>
> Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri Skútustaðahrepps



„Sveitarstjórn hefur brugðist við með því að fara fram á það við heilbrigðiseftirlitið að það sinni leiðbeiningarskyldu sinni sem opinbert stjórnvald og fundi með sveitarfélaginu og rekstraraðilum. Ýmsir aðilar hafa sett sig í samband við mig og sveitarstjórnarfulltrúa til þess að lýsa yfir áhyggjum sínum af þróun mála. Við höfðum áður lýst því yfir að sveitarfélagið muni ekki skorast undan ábyrgð sinni þegar kemur að fráveitumálum í þéttbýli og undirbúningur fyrir þá vinnu er þegar hafinn,“ segir sveitarstjórinn. – **shá**




# D-VÍTAMÍNBÆTT LÉTTMJÓLK OG NÝMJÓLK

Eitt glas af D-vítamínbættri léttmjólk eða nýmjólk inniheldur einn þriðja af ráðlögðum dagskammti af D-vítamíni sem er kærkomið fyrir okkur sem búum á norðlægum slóðum og getum ekki stólað á sólina, hvort sem er um vetur eða á sumrin.

D-vítamín er mikilvægt fyrir vöxt og þroska beina og hjálpar okkur að takast á við daginn með bros á vör.

**D-vítamínbætt léttmjólk og nýmjólk er eins og hollur sólargeisli :-D**

MJÓLKURSAMSALAN

ENNEMM / SÍA / NM79689

# Takk, Trump



Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is

Fyrr í þessum mánuði áttu Donald Trump Bandaríkjaforseti og Angela Merkel, kanslari Þýskalands, fund sem virðist ætla að draga nokkurn dilk á eftir sér. Ekki aðeins opinberaðist þar í vandræðalegum augnablikum hvor þessara tveggja þjóðarleiðtoga virðist kunna almenna mannasiði, heldur lét Bandaríkjaforseti sig víst hafa það að afhenda kanslaranum reikning upp á 300 milljarða dollara sem hann telur Þjóðverja skulda NATO fyrir að verja Þýskaland, væntanlega allt frá lokum seinni heimsstyrjaldarinnar. Breska blaðið The Sunday Times hefur þetta eftir heimildarmönnum innan þýsku ríkisstjórnarinnar og þó svo Merkel hafi greinilega haldið ró sinni og ekki látið gjörninginn slá sig út af laginu er öðrum ráðamönnum í Þýskalandi eðlilega brugðið.

Það er því greinilega ekkert sérstaklega gaman að fá Donald Trump í heimsókn – að minnsta kosti ekki fyrir aðildarríki NATO. Í fjölmiðlum hefur reyndar ítrekað komið fram að Bandaríkjaforseti eigi í vandræðum með að skilja hvernig fjármálum NATO er háttað og að hann virðist telja ýmsar þjóðir skulda Bandaríkjunum stórfé fyrir hersetu og vernd. Og þó svo staða Þýskalands og Íslands sé hvorki sambærileg í dag fremur en hún var við lok heimsstyrjaldarinnar síðari þá hlýtur þessi gjörningur Bandaríkjaforseta að vera íslenskum ráðamönnum umhugsunarefni þar sem við erum aðildarþjóð NATO.

Nú hefur Ísland reyndar verið herlaust land í meira en tíu ár, eftir að Bandaríkin tilkynntu Geir H. Haarde, þáverandi forsætisráðherra, símleiðis um þá ákvörðun að leggja herstöðina niður, og því hlýtur að vera meira en tímabært að við tökum aðild okkar að umræddu hernaðarbandalagi til endurskoðunar.

Aðild Íslands að NATO snýst þó ekki endilega um peninga því hlutfallslega greiðum við ekki stórar fjárhæðir miðar við fjölmargar aðrar þjóðir. Aðild Íslands að NATO snýst mun fremur um heimsmynd og ákveðna grundavallarhugsun sem byggir á því hvar við tókum okkur stöðu þegar heimurinn klofnaði í tvennt í kjölfar heimsstyrjaldarinnar síðari. En heimurinn breytist og á þeim áratugum sem hafa liðið frá stofnun NATO er heimurinn gjörbreyttur. Þar með hafa líka gjörbreyst möguleikar smáríkis á borð við Ísland til að hafa áhrif til góðs og til þess getum við horft. Ágætt dæmi er framganga Íslands á kvennaþingi Sameinuðu þjóðanna fyrir skömmu sem sýndi heiminum að litlar þjóðir geta líka verið stórar fyrirmyndir.

En það þarf hugrekki til að vera herlaus þjóð sem mælir fyrir friði í heiminum. Að vera þjóð sem talar gegn hernaðarbrölti hvar sem það ber niður með meðfylgjandi hörmungum fyrir fjölda fólks á hverjum degi. Að tala gegn því að heimurinn haldi áfram að eyða milljörðum á milljarða ofan í hergagnaframleiðslu fremur en í baráttuna gegn hungri, sjúkdómum og vosbúð. Það þarf hugrekki til þess að segja nei takk við herra Donald Trump ef hann dúkkar hér upp með reikning. Ísland á að vera og getur verið land friðar og velsældar fremur en hernaðarbrölts og hörmunga.

Takk, en nei takk, herra Trump, og góðar stundir.

**En það þarf hugrekki til að vera herlaus þjóð sem mælir fyrir friði í heiminum.**

## Halldór







maria nila
STOCKHOLM

Fríða Rut Heimisdóttir
Hárgreiðslumeistari

Veldu með hjartanu
100% vegan hárvörur frá Maria Nila.
PURE VOLUME línan okkar inniheldur B5 vítamín og er sérstaklega framleidd fyrir þá sem leita eftir aukinni lyftingu og styrk. Maria Nila Care línan inniheldur Colour Guard Complex, blöndu af virkum innihaldsefnum sem vinna saman að því að veita hámarks vörn fyrir lit hársins og gljá þess. Blandan tryggir einnig að vörurnar vernda hárið fyrir hita.
Maria Nila fæst á öllum betri hárgreiðslustofum



Regalofagmenn
Regalo ehf Iceland
www.regalo.is
crueltyfree andvegan
Vegan
REGISTERED WITH
LEAPING BUNNY | PETA | VEGAN SOCIETY


## Frá degi til dags

**Mengun í blóma**
Kísilver United Silicon mengar andrúmsloft í nágrenni Reykjanesbæjar af arseniki. Svo mikið að bæjarstjórn Reykjanesbæjar vill að kísilverinu verði lokað án tafar vegna mengunar. Á teikniborðinu er önnur verksmiðja sem mun líklega menga jafn mikið á hvert framleitt tonn. Björt Ólafsdóttir sagði einmitt í viðtali við Fréttablaðið stuttu eftir að hún tók við embætti umhverfisráðherra að dagar mengandi stóriðju væru liðnir á Íslandi. Hins vegar mætti færa rök fyrir að dagar mengandi stóriðju stæðu einmitt í blóma þessa dagana og gullaldarskeið væri hafið með kísilverksmiðjum vítt og breitt um landið.

**Að hrökkva eða stökkva?**
Tveir ráðherrar Sjálfstæðisflokksins, Jón Gunnarsson og Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir, hafa boðað að nýir skattar verði lagðir á á þessu kjörtímabili. Jón vill skattleggja notendur ákveðinna vega og Þórdís boðar skatt í ferðaþjónustu. Hins vegar hefur það ávallt verið stefna flokks þeirra að lækka beri skatta og minnka báknið. Þetta virðist aðeins hafa góð áhrif á fylgi flokksins sem eykst og eykst á kostnað samstarfsflokka sem eru heillum horfnir samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins í síðustu viku. Ef áfram heldur sem horfir þurfa þeir að taka erfiðar ákvarðanir til að halda lífi, kannski á kostnað ríkisstjórnarsamstarfs. **sveinn@frettabladid.is**

# Leiðsögumenn verði leystir úr viðjum



Guðrún Helga Sigurðardóttir
blaðamaður og ökuleiðsögumaður

Heil stétt er í viðjum. Fagmenntaðir leiðsögumenn hafa ekki frelsi til að velja það ökutæki sem best þykir henta til þess að leiðsegja ferðamönnum um landið. Þeir verða að leiðsegja akandi á breyttum jeppum eða rútum og skiptir þá engu máli hvort ferðamennirnir eru einn eða tveir. Ekki skiptir heldur máli hvort leiðsögnin er um Þingholtin í Reykjavík, Gullna hringinn, yfir Sprengisand eða á Langjökli. Leiðsögumenn verða að keyra rútur eða farartæki sem ætluð eru fyrir hálendi og jökla alveg án tillits til aðstæðna og fjölda ferðamanna. Þeir mega ekki leiðsegja í farartækjum fyrir átta farþega eða færri nema um breytta jeppa sé að ræða.

**Lagaumhverfinu ábótavant**
Lagaumhverfinu er stórlega ábótavant. Mikilvægt er að úr verði bætt. Fyrir þingi liggur nú frumvarp til laga um farþegaflutninga og farmflutninga á landi. Í frumvarpinu er ekkert tekið á atvinnufrelsi ökuleiðsögumanna. Það er hinsvegar brýnt að svo verði gert. Áríðandi er að taka inn klausu sem veitir leiðsögumönnum sama frelsi og öðrum stéttum þessa lands til að velja sér atvinnutæki.

**Hagsmunamál**
Í frumvarpi fyrir tveimur árum var klausa um að taka upp svokallað ferðaþjónustuleyfi. Með því hefði verið opnað fyrir frelsi leiðsögumanna til að leiðsegja á óbreyttum bílum fyrir átta farþega eða færri. Þetta frumvarp náði aldrei í gegnum þingið en nú er nýtt frumvarp til umfjöllunar í þinginu og því er lag. Ég skora á umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis að nota tækifærið og leysa leiðsögumenn úr viðjum með því að breyta frumvarpinu sem fyrir liggur í takt við frumvarpið fyrir tveimur árum þannig að ökuleiðsögumenn fái frelsi til að velja það ökutæki sem þeim hentar best.

Það er hagsmunamál allrar ferðaþjónustunnar.

**Leiðsögumenn verða að keyra rútur eða farartæki sem ætluð eru fyrir hálendi og jökla alveg án tillits til aðstæðna og fjölda ferðamanna.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI OG AÐALRITSTJÓRI: Kristín Þorsteinsdóttir *kristin@frettabladid.is*
AÐSTOÐARRITSTJÓRAR: Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is,* Hrund Þórsdóttir *hrund@stod2.is,* Kolbeinn Tumi Daðason *kolbeinntumi@365.is.* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík Sími: 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* ÞRÓUNARSTJÓRI: Tinni Sveinsson *tinni@365.is* HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir *kristjanabjorg@frettabladid.is* MARKAÐURINN: Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* MENNING: Magnús Guðmundsson *magnus@frettabladid.is* LÍFIÐ: Guðný Hrönn Antonsdóttir *gudnyhronn@frettabladid.is* LJÓSMYNDIR: Vilhelm Gunnarsson *villi@365.is* FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

# Vertu úti

## Í DAG



Guðmundur Andri Thorsson

Nichole Leigh Mosty þingmaður Bjartrar framtíðar tjáði sig um fátækt á Íslandi um daginn í tilefni af þáttaröð sem Mikael Torfason hefur gert um efnið á RÚV, rás eitt. Það sem ég hef heyrt af þessum þáttum hefur verið afar áhugavert og efnistökin lífleg. Í tengslum við þessa þætti kom Mikael í Silfur Egils og talaði um þá þjóðarskömm sem fátækt væri hér á landi. Hann var skeleggur og fullur af heilagri reiði yfir því sem hann hafði orðið áskynja um í þáttagerð sinni.

### „Hver sem meining hennar er …“

Nichole hefur starfað sem leikskólastjóri á slóðum þar sem einhverjir viðmælendur Mikaels búa – hún þekkir vel til aðstæðna þarna og hefur beitt sér á ýmsum vettvangi velferðarmála. Henni þótti dregin upp einhliða mynd í þætti Mikaels og viðraði efasemdir um þá á Facebook-síðu sinni.

**Stjarnan - Grindavík**
**KR - Keflavík**

„I'll be back“ #Iceland #terminator #golf #practicetime #improve #workhard

Ólafía Þórunn Kristinsdóttir
**@olafiakri**

### Olís-deild karla

**FH - Grótta 28-21**

**FH**: Óðinn Þór Ríkharðsson 7, Ágúst Birgisson 4, Einar Rafn Eiðsson 4, Gísli Þorgeir Kristjánsson 2, Ásbjörn Friðriksson 2, Ísak Rafnsson 2, Jóhann Birnir Ingvarsson 2, Þorgeir Björnsson 2, Jóhann Karl Reynisson 1, Halldór Ingi Jónasson 1, Jakob Martin Ásgeirsson 1.

**Grótta**: Elvar Friðriksson 5, Finnur Ingi Stefánsson 4, Aron Dagur Pálsson 3, Þráinn Orri Jónsson 3, Leonharð Þorgeir Harðarson 2, Nökkvi Dan Elliðason 2, Pétur Árni Hauksson 1.

**Akureyri - Fram 26-27**

**Akureyri - Mörk (skot):** Andri Snær Stefánsson 10/7 (11/7), Mindaugas Dumcius 7 (12), Brynjar Hólm Grétarsson 3 (5), Friðrik Svavarsson 2 (2), Bergvin Þór Gíslason 2 (4), Sigþór Heimisson 1 (1), Kristján Orri Jóhannsson 1 (4), Róbert Sigurðarson (1).

**Varin skot:** Tomas Olason 15/1 (40/4, 38%).

**Fram - Mörk (skot):** Arnar Birkir Hálfdánsson 9 (16), Þorgeir Bjarki Davíðsson 6 (6), Andri Þór Helgason 5/2 (9/3), Bjartur Guðmundsson 3 (4), Þorsteinn Gauti Hjálmarsson 2 (4), Davíð Stefán Reynisson 1 (1), Matthías Daðason 1/1 (2/1).

**Varin skot:** Viktor Gísli Hallgrímsson 14 (38/5, 37%).

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| ÍBV | 33 | Selfoss | 22 |
| FH | 33 | Grótta | 21 |
| Haukar | 33 | Fram | 20 |
| Afturelding | 29 | Stjarnan | 19 |
| Valur | 23 | Akureyri | 17 |

### Olís-deild kvenna

**ÍBV - Stjarnan 23-24**

**ÍBV:** Sandra Dís Sigurðardóttir 5, Ester Óskarsdóttir 5, Sandra Erlingsdóttir 4, Telma Amado 3, Karólína Bæhrenz Lárudóttir 3, Greta Kavaliuskate 2, Þóra Guðný Arnarsdóttir 1.

**Stjarnan**: Helena Rut Örvarsdóttir 6, Hanna Guðrún Stefánsdóttir 5, Solveig Lára Kjærnested 5, Elena Birgisdóttir 2, Esther Viktoría Ragnarsdóttir 2, Stefanía Theodórsdóttir 2, Brynhildur Kjartansdóttir 1, Nataly Valencia 1.

**Grótta - Selfoss 22-17**

**Grótta:** Laufey Ásta Guðmundsdóttir 5, Unnur Ómarsdóttir 4, Lovísa Thompson 4, Sunna María Einarsdóttir 3, Þórey Anna Ásgeirsdóttir 3, Anna Úrsula Guðmundsdóttir 2, Emma Havin Sardarsdóttir 1.

**Selfoss**: Kristrún Steinþórsdóttir 6, Dijana Radojevic 6, Perla Ruth Albertsdóttir 2, Adina Maria Hdidoarca 2, Hulda Dís Þrastardóttir 1.

| **Efri** | | **Neðri** | |
|---|---|---|---|
| Fram | 33 | ÍBV | 17 |
| Stjarnan | 31 | Valur | 16 |
| Haukar | 20 | Selfoss | 10 |
| Grótta | 19 | Fylkir | 6 |

## Merkisatburðir

**1513** Spænski landkönnuðurinn Juan Ponce de León nemur land á norðanverðum Bahamaeyjum í sinni fyrstu ferð til Flórída.

**1854** Bretland lýsir yfir stríði gegn Rússlandi.

**1871** Fyrsti alþjóðlegi ruðningsleikurinn á milli Skotlands og Englands fer fram í Edinborg.

**1886** Frægi apatsjastríðsmaðurinn Geronimo gefst upp á móti bandaríska hernum og þar með lýkur apatsjastríðunum.



**1958 Níkíta Khrústsjov er skipaður forsætisráðherra Sovétríkjanna.**

**1963** Skagafjarðarskjálftinn. Mikill jarðskjálfti, um 7 stig að stærð, finnst víða um land.

**1980** Norska olíuborpallinum Alexander L. Kielland hvolfir í Norðursjó og 123 af 212 áhafnarmeðlimum farast.

**1993** Jiang Zemin er skipaður forseti Kína.

**2009** Árásarmaður sprengir sig í loft upp í mosku í Pakistan og 48 láta lífið.




✝

Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Sverrir Sigmundsson**

fyrrverandi innkaupastjóri Rafmagnsveitu Reykjavíkur,

lést á Landspítalanum Fossvogi 22. mars. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði föstudaginn 31. mars klukkan 13.00.

**Anna Margrjet Thoroddsen**
**Valgarður I. Sverrisson** — **Sigrún Hólmfríður Óskarsd.**
**María Sverrisdóttir** — **Kristinn Þorsteinsson**
**Ingvar Sverrisson** — **Sigríður Eysteinsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Kolbrún Bærings Halldórsdóttir**

Hörðukór 1, Kópavogi,

sem lést 11. mars, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 29. mars klukkan 13.

**Brynja Björk Kristjánsdóttir** — **Haukur Eiríksson**
**Sigrún Bærings Kristjánsdóttir** — **Birgir Guðjónsson**
**Ásthildur Dóra Bærings Kristjánsd.** — **Einar Sverrisson**
**Kristín Þóra Bærings Kristjánsd.** — **Eggert Þorgrímsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**


Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



**Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ, ávarpar fólk í reisugildinu.** MYND/SPESSI

# Lokað á Staðarfelli í haust og starfsemin flutt á Vík

**Tæplega 40 ára sögu Staðarfells sem endurhæfingarstöðvar fyrir sjúklinga frá Sjúkrahúsinu Vogi lýkur í haust þegar karlvængur verður opnaður á meðferðarheimilinu Vík á Kjalarnesi.**

Við stefnum að þessu í haust. Þessar dagsetningar velta á því hvenær verktakar klára sitt. Við erum með það inni í áætlun að við skilum af okkur Staðarfelli 1. september og þá er allt komið niður í Vík, en kannski gerist það ekki í einum hvelli heldur smátt og smátt,“ segir Arnþór Jónsson, formaður SÁÁ.

Í haust lýkur 37 ára meðferðarsögu á Staðarfelli en SÁÁ byrjaði að nota húsið árið 1980. Á Staðarfelli hefur farið fram endurhæfing og meðferð sjúklinga sem koma frá Sjúkrahúsinu Vogi. Arnþór segir að verið sé að flytja í betra umhverfi. „Staðarfell er gamall húsmæðraskóli á þremur hæðum, þar er ekkert aðgengi fyrir hreyfihamlaða og enginn nútímalegur aðbúnaður fyrir heilbrigðisþjónustu, þannig að við erum að uppfæra þetta.“

Þegar framkvæmdunum sem nú standa yfir á Vík lýkur verður risin þar sérhönnuð 3.500 fermetra meðferðarstöð með fullkomnum aðbúnaði fyrir 61 sjúkling í einsmannsherbergjum. Átta herbergi verða hönnuð með tilliti til þarfa hreyfihamlaðra.

Fyrsta skóflustunga að nýbyggingunum var tekin 22. apríl 2016. Stefnt er að því að framkvæmdum verði lokið fyrir 40 ára afmæli SÁÁ 1. október 2017.



**Staða framkvæmdanna við Vík þann 17. mars síðastliðinn, stefnt er að opnun nýju álmunnar í haust.** MYND/ÓLAFUR KRISTJÁNSSON

Arnþór segir þau spennt að flytja starfsemina á Staðarfelli á nýjan stað. Á Vík hefur farið fram meðferð sem er sniðin að þörfum kvenna, en þó er fjórðungur sjúklinga þar karlmenn sem allir eru 55 ára og eldri. „Við erum búin að vera á Vík síðan 1991 en erum að stækka húsið þar,“ segir Arnþór.

Eftir stækkunina mun Vík sinna sama fjölda og hafði verið sinnt bæði á Staðarfelli og Vík áður. „Þetta er bara miklu betri þjónusta, þetta eru um 40 karlar öðrum megin og 20 konur hinum megin. Kvennamegin er álma með sérbaðherbergi og öllu. Þetta þróast með húsinu. En þetta verður sami fjöldi og áður, um 60 manns í eftirmeðferð en nú verða allir í sérherbergjum,“ segir Arnþór.

**saeunn@frettabladid.is**

ÞETTA GERÐIST: 27. MARS 1625

## Karl I verður konungur Englands

Karl I varð konungur Englands, Skotlands og Írlands þennan dag árið 1625. Karl átti alla sína valdatíð í miklum deilum við enska þingið sem vildi takmarka völd konungs en það var Karli mjög á móti skapi enda trúði hann því að valdið kæmi af himnum ofan.

Margir þegnar ríkisins voru mótfallnir gjörðum hans og þá sérstaklega afskiptum hans af ensku og skosku kirkjunni og skattheimtu án samþykkis þingsins. Trúardeilur einkenndu sömuleiðis stjórnartíð Karls sem varð ekki til að auka traust þegnanna á honum en konungur þótti færa ensku biskupakirkjuna of nærri þeirri kaþólsku.

Síðustu ár valdatíðar hans var borgarastríð í landinu sem lauk með ósigri Karls sem var fundinn sekur um landráð og hálshöggvinn árið 1649.









Tilboð gildir til 28. apríl

## MEIRI HRAÐI, SKARPARI MYND, BETRA VIÐMÓT

# APPLE TV 4 Á 0 KR.

Við hjá 365 leggjum metnað í að þú njótir fyrsta flokks skemmtunar á sem bestan hátt. Með **365 sjónvarp á Apple TV** færðu meiri hraða, skarpari mynd og enn betra viðmót í sjónvarpi framtíðarinnar.

Tilboðið gildir með völdum sjónvarpspökkum 365 til 28. apríl 2017.

Nánar á 365.is eða í síma 1817.

VALITOR

Í samstarfi við Epli og Valitor

Nú getur þú fengið þér Apple TV 4 með áskrift að efni frá 365 og sparað tugi þúsunda því við bjóðum þér **Apple TV á 0 krónur með 12 mánaða áskrift** að völdum pökkum 365.




PIPAR\TBWA / SÍA

HBO® and related service marks are the property of Home Box Office, Inc.

MARGFALT SKEMMTILEGRI

365.is 365

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Mánudagur

Í dag lítur út fyrir hæga vinda og bjartviðri, jafnvel sólskin hér og þar. Milt að deginum.




### Þriðjudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 5° | -3° | -1° | -0° | 3° | -1° |
| ← 8 | ← 10 | ← 5 | ↓ 3 | ← 7 | ↓ 2 |

### Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri | Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|---|---|---|
| 4° | 1° | 2° | -0° | 2° | -1° |
| ← 9 | → 2 | → 4 | ↖ 10 | ↙ 8 | ↗ 3 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 5 | | 3 | | | | | 1 |
| | | 3 | 6 | 1 | | 2 | 9 | |
| 7 | | | 8 | | | | | |
| 4 | | 7 | | | | 6 | | |
| 3 | | | | 4 | | | 1 | |
| | 1 | | 2 | 3 | | 4 | | 5 |
| 5 | 7 | | | | | | 2 | 8 |
| | 8 | 2 | 1 | 7 | | 5 | | |
| | | 4 | | | | | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | | | 8 | 4 | | | | |
| 3 | | | | 5 | | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | 5 |
| | | 9 | 2 | | | 6 | 1 | |
| | | 3 | | | | | 2 | 7 |
| | 1 | | | 7 | 9 | 4 | | |
| | | 7 | 1 | | | 3 | 8 | |
| | | | 3 | 9 | | | 6 | |
| | | | | | 8 | 1 | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 5 | | | 6 | 7 | | |
| 1 | 2 | 9 | | 7 | | | 8 | |
| | | | | | | | | 9 |
| | 3 | | | | | | 4 | |
| | | 6 | | | | 9 | 5 | |
| 8 | | 7 | | 1 | | 3 | | |
| | | 4 | | 2 | 9 | | 6 | |
| 9 | | 1 | 5 | | | | | 4 |
| | | | | | | | | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 3 | 8 | 2 | 4 | 5 | 1 | 7 | 6 |
| 1 | 4 | 7 | 6 | 3 | 8 | 9 | 5 | 2 |
| 2 | 6 | 5 | 9 | 7 | 1 | 4 | 8 | 3 |
| 4 | 7 | 2 | 1 | 9 | 3 | 5 | 6 | 8 |
| 8 | 9 | 3 | 5 | 6 | 7 | 2 | 1 | 4 |
| 5 | 1 | 6 | 8 | 2 | 4 | 3 | 9 | 7 |
| 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 9 | 8 | 3 | 1 |
| 7 | 5 | 1 | 3 | 8 | 2 | 6 | 4 | 9 |
| 3 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 2 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 2 | 6 | 3 | 4 | 7 | 1 | 5 | 8 |
| 7 | 1 | 3 | 8 | 5 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 8 | 5 | 4 | 9 | 1 | 2 | 6 | 3 | 7 |
| 4 | 8 | 7 | 1 | 3 | 9 | 5 | 6 | 2 |
| 1 | 6 | 2 | 4 | 7 | 5 | 3 | 8 | 9 |
| 3 | 9 | 5 | 2 | 6 | 8 | 7 | 4 | 1 |
| 2 | 3 | 1 | 5 | 8 | 4 | 9 | 7 | 6 |
| 5 | 7 | 8 | 6 | 9 | 1 | 4 | 2 | 3 |
| 6 | 4 | 9 | 7 | 2 | 3 | 8 | 1 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 8 | 4 | 7 | 3 | 9 | 6 | 5 |
| 3 | 4 | 5 | 2 | 9 | 6 | 7 | 8 | 1 |
| 6 | 7 | 9 | 5 | 8 | 1 | 2 | 3 | 4 |
| 4 | 8 | 7 | 6 | 5 | 2 | 3 | 1 | 9 |
| 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 9 | 8 | 4 | 7 |
| 9 | 1 | 3 | 7 | 4 | 8 | 5 | 2 | 6 |
| 2 | 9 | 4 | 8 | 6 | 7 | 1 | 5 | 3 |
| 7 | 3 | 6 | 1 | 2 | 5 | 4 | 9 | 8 |
| 8 | 5 | 1 | 9 | 3 | 4 | 6 | 7 | 2 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
2. listastefna
6. frá
8. ferð
9. mas
11. listamaður
12. talía
14. niðurlægja
16. skóli
17. þukl
18. fuglahljóð
20. tveir eins
21. meiri

**LÓÐRÉTT**
1. afkvæmi
3. ólæti
4. saumreka
5. rölt
7. hjáguð
10. hjör
13. fúsk
15. veiði
16. frjó
19. fyrir hönd

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

**LÁRÉTT: 2.** dada, **6.** af, **8.** túr, **9.** mal, **11.** kk, **12.** blökk, **14.** smána, **16.** fg, **17.** káf, **18.** rop, **20.** ll, **21.** æðri.
**LÓÐRÉTT: 1.** lamb, **3.** at, **4.** dúkknál, **5.** ark, **7.** falsgoð, **10.** löm, **13.** kák, **15.** afli, **16.** fræ, **19.** pr.

## Skák Gunnar Björnsson

Bárður Örn Birkisson (TR-b) átti leik gegn Ólafi B. Þórssyni (Víkingaklúbbnum) á Íslandsmóti skákfélaga.

**Hvítur á leik**

**17. Dxe6! hxg4 18. Bxb8?** (18. Hfc1!) **18...Bc8** (18...Dc8!) **19. Dc6+Dd7 20. Dxa8 Bxb7 21. Dxa7** og hvítur vann skömmu síðar. Ingvar Þór Jóhannesson sigraði á Skákþingi Norðlendinga. Haraldur Haraldsson varð skákmeistari Norðlendinga.

**www.skak.is:** Nýjustu skákfréttir.








## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



SAMSUNG

QLED TV

# Frumsýning á Íslandi




4K ULTRA HD CONNECTED

ULTRA HD™ PREMIUM

ULTRA HD

VDE
12/2016
Tested
✔ HDR 1500
✔ Color Volume 100% acc. to DCI-P3
ID. 40045577
Tested by VDE Germany

## Næsta kynslóð sjónvarpstækja

SAMSUNG
SETRIÐ

SÍÐUMÚLA 9 · SÍMI 530 2900

Samsung QLED is Quantum dot based TV







**SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:10 - 10:40 |
| CHIPS VIP | KL. 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 6 - 8:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 5:10 - 8 - 10:10 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D VIP | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 8 - 10:40 |
| ROCK DOG ÍSL TAL | KL. 6 |
| FIST FIGHT | KL. 8 |
| LEGO BATMAN ÍSL TAL | KL. 5:40 |

**SAMBÍÓIN EGILSHÖLL**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:40 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 |
| BEAUTY AND THE BEAST 2D | KL. 6 - 8 - 9 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 8 - 10:15 |
| FIST FIGHT | KL. 10:30 |

**SAMBÍÓIN AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:50 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:10 - 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 5:30 - 10:10 |

**SAMBÍÓIN KRINGLUNNI** NÚMERUÐ SÆTI

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 5:50 - 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 5:20 - 8 - 10:10 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:40 |
| A DOG'S PURPOSE | KL. 5:40 |
| LA LA LAND | KL. 8 |

**SAMBÍÓIN KEFLAVÍK**

| | |
|---|---|
| CHIPS | KL. 8 - 10:40 |
| BEAUTY AND THE BEAST 3D | KL. 8 |
| KONG: SKULL ISLAND 2D | KL. 10:10 |

Góða skemmtun í bíó


# Hvað? Hvenær? Hvar?
## Mánudagur

hvar@frettabladid.is



Þeir sem vilja fullkomna sundtaktana ættu að skella sér á sundnámskeið í Sundlaug Kópavogs.

### 27. MARS

### Uppákomur

**Hvað?** Kynning á kennaranám í kundalini jóga
**Hvenær?** 19.00
**Hvar?** Andartak Kundalini jógastöð
Í gegnum þetta umbreytandi nám getur þú meðal annars öðlast skilning á undirstöðu fyrir þá öflugu tækni sem kundalini jóga býr yfir, umbreytt sjálfri/um þér og lífi þínu, ræktað hæfileika þína, sjálfstraust og meðvitund til að verða kundalini jógakennari og leiðtogi á umbreytingatímum.

**Hvað?** Skriðsundsnámskeið
**Hvenær?** 20.40
**Hvar?** Sundlaug Kópavogs
Á námskeiðinu er farið yfir grunntækni skriðsunds og gerðar æfingar til að kenna tækni fyrir skriðsund. Þetta námskeið hentar vel fyrir þá sem vilja læra skriðsund eða bæta hjá sér tæknina og einnig sem góður inngangur fyrir þá sem vilja byrja í Garpasundi Breiðabliks. Tímar fara fram bæði á mánudögum og miðvikudögum klukkan 20.40 - 21.30. Námskeiðið stendur yfir í fjórar vikur, eða 8 skipti í heildina,.

**Hvað?** Afmælissýning Listdansskóla Íslands
**Hvenær?** 17.00 og 20.00
**Hvar?** Borgarleikhúsinu
Vorsýning Listdansskóla Íslands verður á stóra sviði Borgarleikhússins í dag. Efnisskráin verður mjög fjölbreytt og ættu allir að fá eitthvað við sitt hæfi. Grunndeildin dansar við árstíðir Vivaldis, nútímadeildin sýnir nýjustu strauma í nútímadansi úr repertoire tímum og klassíska deildin sýnir brot úr ballettinum La Bayadere og hver veit nema Mistakavalsinn fái að fljóta með. Í lok sýningar dansa allir nemendur skólans sérstakt hátíðardefile eftir skólastjóra í tilefni þess að 65 ár eru síðan skólinn var stofnaður.

**Hvað?** Kæra dagbók / Dear Diary
**Hvenær?** 21.00
**Hvar?** Mengi
Í kvöld bjóða þær Ásrún Magnúsdóttir, Linn Björklund og Halla Þórlaug Óskarsdóttir til einstaks viðburðar í Mengi þar sem alls konar fólk les úr dagbókunum sínum, gömlum og nýjum. Dagbókum frá unglingsárum og dagbókum frá fullorðinsárunum, gamlar ástir og gleymd leyndarmál eru rifjuð upp. Fallegt, fyndið, vandræðalegt og einkum og sér í lagi persónulegt.

### Fundir

**Hvað?** Það er enginn Emin Pasha: Stjörnur nýlendutímans og átökin um hvíta karlmennsku í Afríku á seinni hluta 19. aldar
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Háskóla Íslands, aðalbyggingu, stofu 220
Í dag flytur Kirk A. Hoppe, dósent við University of Illinois í Chicago fyrirlestur á vegum Sagnfræðistofnunar Háskóla Íslands sem hann nefnir: There is no Emin Pasha: Colonial celebrity and the contest over white masculinity in late 19th-century Africa. Kirk Arden Hoppe er Fulbright-sérfræðingur og gestaprófessor við Jafnréttisskóla Sameinuðu þjóðanna UNU-Gest og Sagnfræði- og heimspekideild Háskóla Íslands, en gegnir annars stöðu dósents í heimssögu og sögu Afríku. Kirk er með doktorsgráðu frá Boston University. Allir velkomnir, meðan húsrúm leyfir.

**Hvað?** Á réttri leið: fundaröð þingmanna XD
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Hafnarborg, Strandgötu 34, Hafnarfirði
Sjálfstæðisflokkurinn heldur fundi um ríkisstjórnarsamstarfið og verkefnin fram undan um allt land. Ráðherrar og þingmenn Sjálfstæðisflokksins halda erindi og svara spurningum fundarmanna. Bjarni Benediktsson forsætisráðherra og formaður Sjálfstæðisflokksins, Unnur Brá Konráðsdóttir forseti Alþingis, Bryndís Haraldsdóttir alþingismaður, Óli Björn Kárason alþingismaður, Vilhjálmur Bjarnason alþingismaður og Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir ritari Sjálfstæðisflokksins og alþingismaður.

**Hvað?** Sóltún Heimahreyfing kynningarfundur
**Hvenær?** 18.00
**Hvar?** Sóltúni 2
Verið velkomin á kynningarfund um Sóltún Heimahreyfingu sem verður haldinn á 1. hæð í Sóltúni hjúkrunarheimili. Heimahreyfing er sérstaklega ætluð eldri borgurum sem þurfa aðstoð við daglegar athafnir og vilja vera meira sjálfbjarga á eigin heimili. Eldri borgarar og aðstandendur sérstaklega velkomnir.

**Hvað?** Áhrif sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi – hvað vitum við í raun mikið?
**Hvenær?** 17:15
**Hvar?** Öskju (N-132), húsi náttúruvísinda við Háskóla Íslands.
Bryndís Marteinsdóttir flytur erindi á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags (HÍN). Erindið fjallar um þær vísindarannsóknir sem gerðar hafa verið á áhrifum sauðfjárbeitar á íslensk vistkerfi.

### Tónlist

**Hvað?** Þjóðlagasveitin Þula efnir til gleðileika
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Kefas Fríkirkjunni í Fagraþingi 2a, Kópavogi
Þetta verða sannkallaðir gleðileikar þar sem Þula býður upp á skemmtilega efnisskrá byggða á íslenskum þjóðlögum, með hljóðfæraleik, söng og dansi, en hópurinn hefur hvarvetna vakið athygli fyrir fágaðan flutning, geislandi gleði og skemmtilega framkomu.


Pössum upp á það allra mikilvægasta.




osann
25%
AFSLÁTTUR AF ÖLLUM BÍLSTÓLUM OG BÍLSESSUM TIL 30. MARS

OSANN ER ÞÝSKT FJÖLSKYLDUFYRIRTÆKI SEM HEFUR FRAMLEITT ÖRYGGISVÖRUR SÍÐAN 1980. 25 MILLJÓN BÖRN HAFA ÞEGAR NOTIÐ GÓÐS AF VÖRUM ÞEIRRA
www.osann.de

BYKO






BIO ★ PARADIS HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19

| | |
|---|---|
| 15 ár á Íslandi | 18:00 |
| Moonlight | 17:30, 22:30 |
| Gamlinginn 2 | 18:00 |
| The Other Side Of Hope | 20:00 |
| Elle | 20:00 |
| Toni Erdmann | 20:00 |
| The Midwife | 22:00 |



THULE® SWEDEN

# Skíða- og snjóbrettabogar




Stilling

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is




Kristján Már heimsækir Raufarhöfn. Á síldarárunum var þetta eitt líflegasta þorp landsins og íbúafjöldinn fór yfir fimm hundruð manns þegar þar voru loðnuvinnsla og togaraútgerð. Eftir mikla fólksfækkun undanfarinn aldarfjórðung er íbúum tekið að fjölga á ný og barnafjölskyldur sjá framtíðina í þessu nyrsta þorpi landsins.

**MAGNAÐ**
MÁNUDAGSKVÖLD

Fáðu þér áskrift á **365.is**

365

**BROTHER VS. BROTHER**
Frábærir þættir með þeim bræðrum Jonathan og Drew sem hvor um sig fær með sér í lið hóp af ólíku fólki til að endurgera fasteign.



**NCIS**
Stórgóðir spennuþættir um Leroy Jethro Gibbs og félaga hans í rannsóknardeild bandaríska sjóhersins sem þurfa nú að glíma við hættulegri mál en áður.



**THE PATH**
Glæný sería af þessum stórgóðu þáttum um Eddie Lane sem hrífst af kenningum sértrúarsafnaðar en það er ekki alltaf einfalt að fylgja sannfæringu sinni.



**VICE**
Ferskir og vandaðir fréttaþættir frá HBO þar sem rýnt er ofan í kjölinn á ýmsum hitamálum um víða veröld.



**SHALLOW HAL**
Stórskemmtileg bíómynd um Hal sem hittir andlegan leiðtoga og dáleiðist þannig að hann sér alltaf innri fegurð þeirra sem hann fer á stefnumót með og svo fellur hann fyrir Rosemary hinni góðu.



**WHO DO YOU THINK YOU ARE?**
Fyrsti þáttur
Afar áhugaverðir þættir þar sem þekktum einstaklingum er gefinn kostur á að rekja ættir sínar langt aftur í tímann.



Allt þetta og meira til í Skemmtipakkanum á aðeins 333 kr. á dag.
365.is



# DAGSKRÁ

# Mánudagur

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.20 Tommi og Jenni**
**07.45 2 Broke Girls**
**08.10 The Middle**
**08.35 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.20 Who Do You Think You Are?**
**11.20 Sullivan & Son**
**11.45 Mayday**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 American Idol**
**14.25 American Idol**
**15.10 American Idol**
**16.35 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Íþróttir**
**19.05 Fréttir Stöðvar 2**
**19.20 Brother vs. Brother**
**20.05 Um land allt** Kristján Már Unnarsson heimsækir Raufarhöfn. Á síldarárunum var þetta eitt líflegasta þorp landsins og íbúafjöldinn fór yfir fimm hundruð manns þegar þar var loðnuvinnsla og togaraútgerð. Eftir mikla fólksfækkun undanfarinn aldarfjórðung er íbúum tekið að fjölga á ný og barnafjölskyldur sjá framtíðina í þessu nyrsta þorpi landsins.
**20.35 NCIS**
**21.20 The Path** Önnur syrpa þessara dramatísku þátta með Aaron Paul (Breaking Bad) í hlutverki Eddies Lane sem hrífst með kenningum sértrúarsöfnuðar eftir heimsókn á miðstöð hans. Skömmu síðar umturnast veröld hans og hann stendur frammi fyrir erfiðum ákvörðunum.
**22.10 Vice**
**22.45 Girls**
**23.15 Bones**
**00.00 Mistresses**
**00.45 Mistresses**
**01.25 Mistresses**
**02.10 Mad Dogs**
**03.05 100 Code**
**03.50 Murder In The First**
**04.35 The Player**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Undankeppni HM**
**08.40 Undankeppni HM**
**10.20 Undankeppni HM**
**12.00 HM Markasyrpa**
**12.30 Undankeppni HM 2018**
**14.10 Formúla 1 - Keppni**
**16.35 Undankeppni HM**
**18.15 Undankeppni HM**
**20.00 Markaþáttur Undankeppni HM**
**20.50 Domino's deild kvenna - upphitun fyrir úrslitin**
**21.30 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur**
**21.55 Domino's deild karla**
**23.35 Domino's körfuboltakvöld**
**00.20 Undankeppni HM**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 NBA**
**08.50 Undankeppni HM**
**10.30 Undankeppni HM**
**12.15 Undankeppni HM**
**13.55 Undankeppni HM**
**15.40 Undankeppni HM**
**17.25 HM Markasyrpa**
**17.55 Domino's deild karla**
**19.35 Domino's körfuboltakvöld**
**20.25 NBA - Regular Season**
**22.15 Undankeppni HM**
**23.55 Undankeppni HM**
**01.35 Markaþáttur Undankeppni HM**

## STÖÐ 3

**17.30 Raising Hope**
**17.55 The New Girl**
**18.15 League**
**18.40 Modern Family**
**19.05 Curb Your Enthusiasm**
**19.40 Stelpurnar**
**20.05 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**20.30 Who Do You Think You Are?**
**21.15 Grimm**
**22.00 Game of Thrones**
**22.55 Klovn**
**23.25 Salem**
**00.10 The Mentalist**
**00.55 Curb Your Enthusiasm**
**01.25 Stelpurnar**
**01.50 Sælkeraheimsreisa um Reykjavík**
**02.10 Tónlist**

## KRAKKASTÖÐIN

**07.00 Strumparnir**
**07.25 Hvellur keppnisbíll**
**07.37 Ævintýraferðin**
**07.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**08.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**08.11 Zigby**
**08.25 Ljóti andarunginn og ég**
**08.47 Stóri og Litli**
**09.00 Dóra könnuður**
**09.24 Mörgæsirnar**
**09.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**10.00 Áfram Diego, áfram!**
**10.24 Svampur Sveinsson**
**10.49 Lalli**
**10.55 Rasmus Klumpur**
**11.00 Strumparnir**
**11.25 Hvellur keppnisbíll**
**11.37 Ævintýraferðin**
**11.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**12.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**12.11 Zigby**
**12.25 Ljóti andarunginn og ég**
**12.47 Stóri og Litli**
**13.00 Dóra könnuður**
**13.24 Mörgæsirnar 13.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**14.00 Áfram Diego, áfram!**
**14.24 Svampur Sveinsson**
**14.49 Lalli**
**14.55 Rasmus Klumpur**
**15.00 Strumparnir**
**15.25 Hvellur keppnisbíll**
**15.37 Ævintýraferðin**
**15.49 Gulla og grænjaxlarnir**
**16.00 Skoppa og Skrítla enn út um hvippinn og hvappinn**
**16.25 Ljóti andarunginn og ég**
**16.47 Stóri og Litli**
**17.00 Dóra könnuður**
**17.24 Mörgæsirnar**
**17.47 Doddi litli og Eyrnastór**
**18.00 Áfram Diego, áfram!**
**18.24 Svampur Sveinsson**
**18.49 Lalli**
**18.55 Rasmus Klumpur**
**19.00 Ástríkur á Goðabakka**



**Dóra könnuður kl. 09.00, 13.00 og 17.00**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 Kia Classic**
**11.00 Inside the PGA Tour**
**11.25 WGC. Dell Match Play**
**19.25 PGA Highlights**
**20.20 PGA Highlights**
**21.15 Kia Classic**

## BÍÓSTÖÐIN

**11.40 Leonie**
**13.20 500 Days Of Summer**
**14.55 Shallow Hal**
**16.50 Leonie**
**18.30 500 Days Of Summer**
**20.05 Shallow Hal** Gamanmynd, uppfull af rómantík og dramatík. Hal Larson er vel uppalinn og fylgir ráðum föður síns og fer bara á stefnumót með gullfallegum konum. Dag einn hittir hann andlegan leiðtoga og er dáleiddur. Upp frá því fer Hal bara á stefnumót með konum sem búa yfir innri fegurð. Hann hittir svo Rosemary og sér einn fegurð hennar. En hvað gerist ef dáleiðslan hættir að virka?
**22.00 300. Rise of an Empire** Eftir sigurinn á Leonidas í fyrri myndinni, 300, stefnir persneski herinn undir stjórn Xerxesar í átt að stærstu grísku borgríkjunum. Aþena verður fyrst á vegi hers Xerxesar en hún býr yfir góðum sjóher. Hershöfðingi Aþenu þarf að semja við andstæðinga sína í Spörtu til að fá hjálp. En þrátt fyrir hjálp er her Xerxesar einn sá öflugasti, bæði á sjó og landi.
**23.45 Red**
**01.35 The Boy Next Door**
**03.05 300. Rise of an Empire**

## RÚV

**16.45 Silfrið**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Háværa ljónið Urri**
**18.14 Róbert bangsi**
**18.24 Skógargengið**
**18.35 Undraveröld Gúnda**
**18.50 Krakkafréttir**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**20.05 Jörðin**
**21.10 Nóbel**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Músíktilraunir**
**23.25 Scott og Bailey**
**00.10 Kastljós**
**00.35 Dagskrárlok**

## SJÓNVARP SÍMANS

**06.00 Síminn + Spotify**
**08.00 America's Funniest Home Videos**
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 90210**
**09.50 Melrose Place**
**10.35 Síminn + Spotify**
**13.35 Dr. Phil**
**14.15 Rachel Allen. All Things Sweet**
**14.40 Chasing Life**
**15.25 Black-ish**
**15.50 Jane the Virgin**
**16.35 The Tonight Show**
**17.15 The Late Late Show**
**17.55 Dr. Phil**
**18.35 King of Queens**
**19.00 Arrested Development**
**19.25 How I Met Your Mother**
**19.50 Superstore**
**20.15 Top Chef**
**21.00 Hawaii Five-0**
**21.45 24. Legacy**
**22.30 The Tonight Show**
**23.10 The Late Late Show**
**23.50 Californication**
**00.20 CSI**
**01.05 Scorpion**
**01.50 Madam Secretary**
**02.35 Hawaii Five-0**
**03.20 24. Legacy**
**04.05 The Tonight Show**
**04.45 The Late Late Show**
**05.25 Síminn + Spotify**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# Tilboðsvika í Hafinu

**27.-31. mars**

★ Keilusteikur i indversku karrý
**1.890 kr. kg.**

★ Líbönsk langa
**1.890 kr. kg.**



★ Ítalskur lúxusréttur
**1.890 kr. kg.**

## Framúrskarandi hráefni - topp þjónusta - sanngjarnt verð



KOKKA LANDS LIÐIÐ

**HAFIÐ ER STOLTUR SAMSTARFSAÐILI ÍSLENSKA KOKKALANDSLIÐSINS**

Hlíðasmára 8 | Skipholti 70 | Spönginni 13
Sími 554 7200 | hafid@hafid.is | www.hafid.is | við erum á facebook

HAFIÐ
FISKVERSLUN

# Svipmyndir frá HönnunarMars

HönnunarMars lauk í gær en sú hátíð er sannkölluð veisla fyrir fagurkera og þá sem kunna góða hönnun að meta. Borgin iðaði af lífi um helgina enda var dagskráin fjölbreytt. Ljósmyndari Fréttablaðsins fór á stúfana á föstudaginn og myndaði þá sem fóru á flakk.




**Fólk fjölmennti í verslun 66°Norður á Laugavegi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK



**Þessar létu sig ekki vanta á ilmvatnskynningu 101 Boys.**



**Það var stuð og stemning í versluninni Húrra.**



**Fanney Ingvarsdóttir, ungfrú Ísland árið 2010, og Teitur Reynisson kynntu sér nýjustu tísku á RFF.**



**Hildur Yeoman (t.h.) kynnti samstarfs sitt við 66°Norður.**



**Af sýningu Myrka á Reykjavík Fashion Festival.**



**101 boys og Sigurður Oddsson kynntu nýjan ilm á HönnunarMars um helgina.**

Tree Of Life



Otikon™
Eyrnadropar við verk og bólgu

Við eyrnaverk og bólgu í tengslum við miðeyrnabólgu

- Hjálpar einnig við að fjarlægja eyrnamerg úr hlustinni
- Hentar börnum
- Gefið sem úði, auðvelt í notkun
- 100% náttúruleg innihaldsefni
- 15 ml glas




Nýtt

www.apotekarinn.is

Apótekarinn+ - lægra verð


Illska
„þetta er að öllum líkindum ein mikilvægasta sýning leikhúsanna í nokkurn tíma og listamönnunum til mikils sóma."
B.L. - DV
ALLRA SÍÐASTA SÝNING LAUGARDAGINN 1. APRÍL
ÓSKABÖRN ÓGÆFUNNAR OG BORGARLEIKÚSIÐ
Miðasala | 568 8000 | borgarleikhus.is




CHIRO UNIVERSE



Aukahlutur á mynd: Gafl.

FERMINGARTILBOÐ

HEILSURÚM FYRIR UNGT, VAXANDI FÓLK

| STÆRÐ | FULLT VERÐ M/CLASSIC BOTNI | FERMINGARTILBOÐ | AFBORGUN Á MÁNUÐI* |
|---|---|---|---|
| 90X200 | 79.900 KR. | 59.900 KR. | 5.571 KR. |
| 100X200 | 89.900 KR. | 69.900 KR. | 6.434 KR. |
| 120X200 | 99.900 KR. | 79.900 KR. | 7.296 KR. |
| 140X200 | 114.900 KR. | 94.900 KR. | 8.590 KR. |

* Miðað vaxtalausar kreditkortagreiðslur í 12 mánuði, með 3,5% lántökugjaldi og 405 kr. greiðslugjaldi pr. afborgun

CHIRO UNIVERSE HEILSURÚM

- Fimm svæðaskipt pokagormakerfi.
- Heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Slitsterkt og mjúkt áklæði.
- Val um svart eða hvítt PU leður eða grátt áklæði á botni.

DÚNSÆNG + DÚNKODDI

Dúnsæng og dúnkoddi. 100% bómull í áklæði. Sæng: 60% moskusdúnn, 40% smáfiður og fáðu vandaðan dúnkodda með.



FERMINGARTILBOÐ

23.900 KR.

FULLT VERÐ

~~29.800 KR.~~

ÞYKK OG HLÝ DÚNSÆNG

FAXAFENI 5 Reykjavík 588 8477 | DALSBRAUT 1 Akureyri 588 1100 | SKEIÐI 1 Ísafirði 456 4566 | Betra BAK




Karitas Harpa sendir frá sér lagið Sæla í dag. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Tónlistin hefur verið besta lyfið

**Karitas Harpa Davíðsdóttir** ákvað að taka þátt í Voice Ísland eftir að hafa komist að því að eina vitið fyrir hana væri að starfa við tónlistarsköpun. Tónlistin hefur oftar en ekki hjálpað henni í gegnum erfiða tíma.

Karitas Harpa Davíðsdóttir vann aðra þáttaröð Voice Ísland sem sýnd var í vetur. Karitas tryggði sér sigur í lokaþættinum með því að syngja lagið My Love með Sia undir leiðsögn þjálfara síns, Sölku Sólar. Síðan hún sigraði í Voice Ísland hefur Karítas svo unnið að upptökum á laginu í nýjum búningi. Textann við nýju útgáfuna samdi tónlistarmaðurinn Arnar Frey Frostason úr Úlfur Úlfur og heitir lagið núna Sæla. Salka Sól syngur með Karitas í laginu.

Karitas segir að á sínum tíma hafi þær Salka tekið áhættu með því að velja lagið My Love með Sia fyrir Karitas til að syngja í þáttunum því fáir þekktu það og símakosning réð úrslitum. „En lagið fangaði huga minn við fyrstu hlustun, svo ég vonaði að það myndi líka fanga huga þeirra sem heima sætu. Þessi draumkenndi hljómur yfir laginu færir mann inn í aðra veröld.“

Eftir sætan sigur Karitasar í þættinum var ákveðið að setja lagið í nýjan búning og Arnar Freyr tók að sér að semja nýjan texta. „Textinn hennar Siu er rosalega sorglegur, tregafullur og fullur söknuðar. En við ákváðum að hafa íslenska textann okkar glaðlegri. Þetta er ástarljóð sem lýsir svo fallega þeim tilfinningum sem eiga sér stað þegar maður elskar einhvern heitt," útskýrir Karitas sem er himinlifandi með útkomuna.

Sigurinn kom Karitas svo sannarlega skemmtilega á óvart. „Ég hef alltaf elskað að syngja og koma fram.

**TÓNLISTIN HEFUR VERIÐ MÉR OFBOÐSLEGA MIKIÐ MEÐAL.**

Ég hef tekið þátt í ýmsum keppnum, tónleikum og uppákomum en alltaf bara sem áhugamál, ég hef aldrei þorað að leyfa mér að dreyma um að gera þetta að einhvers konar starfi,“ segir Karitas sem uppgötvaði svo einn daginn að tilgangur hennar væri að starfa við tónlistarsköpun.

„Eftir mikla sjálfsskoðun, alls konar vinnur, nám og leit að því sem mig langaði að gera, einhverju sem var raunhæfara en söngur, komst ég einfaldlega að þeirri niðurstöðu að ég yrði aldrei sátt við sjálfa mig nema ég prufaði sönginn af alvöru svo ég ákvað að taka þátt í The Voice. Nú er eins gott að fylgja því eftir!“

## Fékk magasár vegna kvíða

Það er kannski ekkert skrýtið að Karitas hafi ákveðið að eltast við drauminn um að starfa við tónlist enda hefur tónlistin hjálpað henni í baráttunni við kvíða og þunglyndi.

„Ég vil alls ekki detta í einhvern „sob story“-pakka og velta mér og öðrum of mikið upp úr þessu en þetta er auðvitað stór hluti af því hver ég er og hef verið allt mitt líf. Þannig að mér finnst allt í lagi að koma inn á þetta,“ segir hún.

„Kvíðinn hefur oft aftrað mér í daglegu lífi sem og í söngnum. Ég fékk til dæmis magasár í 7. bekk út af samræmdu prófunum ... ég hlæ reyndar smá að því í dag. Hvað þunglyndið varðar, þá lýsir það sér helst þannig að þegar ég hef verið sem lengst niðri hef ég gleymt því sem gefur mér svo mikla gleði og það er tónlist. Tónlistin hefur verið mér ofboðslega mikið meðal því þegar ég átta mig á því að ég hef ekki hlustað lengi á tónlist eða sungið, kveiki ég á Ed Sheeran eða álíka og líður svo miklu miklu betur. Eða ég skelli Disney-lagalista í tækið og syng með, það er betra meðal en öll lyf sem ég hef prófað. Ég vil sem sagt meina að tónlistin hafi hjálpað mér meira í minni baráttu við kvíða og þunglyndi heldur en veikindin hafa haldið aftur af mér í tónlistinni,“ útskýrir Karitas.

„Vonandi uppi á sviði, alltaf, allan daginn, alla daga,“ segir Karitas aðspurð hvar hún sjái sjálfa sig fyrir sér eftir tíu ár. „Nei, en ég vona að ég verði á fullu í tónlistinni, að semja og syngja. Kannski á leiksviði og helst í söngleikjum, það væri annar draumur. Vonandi verð ég komin á þann stað að ég verði búin að kaupa mér íbúð miðsvæðis í Reykjavík og ég og sonur minn að „chilla“ á Klambratúni. Reyndar verður hann að verða 13 ára og þá að detta í að vera of svalur fyrir mömmu sína, en vonandi fer hann enn með mér á ísrúnt í skjóli nætur,“ segir hún að lokum og bendir áhugasömum á að fylgjast með sér á samfélagsmiðlum en hún er með notendanafnið „karitasharpa“.

Til gamans má geta að lagið Sæla verður frumflutt í útvarpi eftir hádegi á Bylgjunni í dag í þætti Rúnars Róbertssonar.

**gudnyhronn@365.is**

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Svanur Valgeirsson *svanur@365.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 512-5401:** Gústaf Bjarnason *gustaf@365.is*, Hafsteinn Hafsteinsson *hafsteinn@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@365.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.*bergmann@365.is*, Jóhann Waage *johannwaage@365.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@365.is*, Ólafur H. Hákonarson *olafurh@365.is*, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir *solveig@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



ASÍSKI
DRAUMURINN
HEFST 31. MARS
MARGFALT SKEMMTILEGRI
1817
365.IS
365

FRÉTTABLAÐIÐ
**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **512 5000** Vísir
**Ritstjórn** 512 5200 Fax: 512 5301 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja
ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.
FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.
Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177

BAKÞANKAR

Pálmars Ragnarssonar



## Girnilegur drykkur?

Ég er staddur á skyndibitastað. Fyrir framan mig liggja alls kyns drykkir. Ískaldir umkringdir klökum og dropar perla utan á plastinu. Girnilegir.

„Er það eitthvað fleira?“

„Já, takk, einn svona drykk í plasti.“

En hvað þetta verður fint. Góður matur og ljúfur drykkur. Ég hefði reyndar getað fengið nánast sama drykk frítt með úr könnu við hliðina, en það er aukaatriði. Máltíðin verður nefnilega aðeins betri svona. Ekki margfalt betri, bara aðeins.

Mmm, svo gott. Ég nýt þess að drekka nýja drykkinn minn með matnum. Þetta er samband sem mig grunar að muni vara lengi. Bara ég og nýi drykkurinn minn. Bestu vinir. Nei.

Þetta tók mig um 10 mínútur. Hvað næst?

Nú auðvitað hendi ég flöskunni í ruslið. Ekki nenni ég að geyma hana og það er engin endurvinnsla á staðnum. Flaskan verður næstu 450 árin að veltast um í umhverfinu gefandi frá sér eiturefni. Skiptir engu, ég er saddur og sáttur. Það er aðalatriðið.

Var 10 mínútna ánægjan fyrir mig þess virði? 10 mínútur fyrir mig, 450 ár fyrir umhverfið. Hmmm, hvort er mikilvægara? Vá, erfitt að segja. Vil ég taka þátt í því að fylla sjóinn af plasti? Fylla landið af plasti? Endurvinnsla er góð en hún lagar samt ekki vandamálið. Endurunnar flöskur enda líka úti í umhverfinu. Það sem lagar vandamálið er hugarfarsbreyting.

Getum við breytt hugarfarinu? Getum við horft á plastflösku úti í verslun og í stað þess að hugsa „mmm, girnilegur drykkur“, hugsað fremur „oj, eitur sem er að drepa veröldina okkar“?

Mér er alveg að takast það. Þeim skiptum sem ég kaupi mér drykk í plastflösku hefur fækkað um helming. Kannski mun mér takast að hætta því alveg bráðlega.







